

31. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 03.04 2012, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, einnig var mættur Skarphéðinn Þórisson, hreindýrasérfræðingur Náttúrustofu Austurlands.

Samþykkt að breyta röðun dagskrárliða þannig að dagskrárliður boðaðrar dagskrár nr. 6 færist fram og verði númer 2.

Oddviti setti fund kl. 13.45, bauð Skarphéðinn velkominn og gaf honum orðið undir 1. lið.

Dagskrá:

- 1. Hreindýr**, Skarphéðinn G. Þórisson
- 2. Kárahnjúkavirkjun, frágangur vinnusvæða.** Árni J. Óðinsson L
- 3. Skýrsla oddvita**
- 4. Austfirskar stoðstofnanir, aðild Fljótsdalshrepps**
- 5. Drög að endurskoðuðum samþykktum Fljótsdalshrepps og drög að siðareglum kjörinna fulltrúa.**
- 6. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs**, reglur um styrki fyrir fatlað fólk til náms og verkfærakaupa, reglur um félagslegt húsnæði, gjaldskrá fyrir heimaþjónustu.
- 7. Gistihús**, eldhúsgámur
- 8. Bréf**
 - a) Forsætisráðuneytið dags. 06.03
 - b) Innanríkisráðuneytið dags. 21.03
 - c) Fljótsdalshérað dags. 08.03
 - d) Guðmundur H Bjarnason dags.08.03
 - e) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 05.03
 - f) Helgi Hallgrímsson dags. 23.03
 - g) Afrit af bréfi til landeigenda frá starfshópi um stígagerð umhverfis Lagarfljót dags.29.02
- 9. Fjarbeiðnir**

Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna
- 10. Fundargerðir**
 - a) Minnispunktar frá kynningarfundum viðbragðsáætlunar Hraunaveitu, 13.03
 - b) Fundur með aðilum að B-stofnsjóði í Sláturfélagi Austurlands, 15.03
 - c) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, 01.03
 - d) Samgöngunefnd SSA , 29.02
 - e) Samstarfsnefnd SSA , 02.03
 - f) Áætlunarferðir í Fljótsdal, 05.03
 - g) HAUST 21.03, ásamt ársskýrslu 2011
 - h) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 15.03
- 11. Önnur mál**

1. Hreindýr.

Skarphéðinn G. Þórisson. Skarphéðinn lýsti stærð og framgangi hreindýrastofnsins á Austurlandi. Náttúrustofa Austurlands annast vöktun dýranna Stofninn er talinn um 4800 dýr miðað við fjölda dýra eftir veiðitíma. Fram kom að hreindýr færa sig í auknum mæli norður

og til stefnumörkunar þyrfti að koma hvað það landnám varðar. Aukinn fjöldi hreindýra er einnig á svæðum 6 og 7, en minna um var um hreindýr á Fljótsdalsheiði í sumar en menn eiga að venjast. Skarphéðinn benti á að sveiflur af þessu væru ekki óþekktar. Hann taldi að áhugavert gæti væri að skoða staðsetningar felldra dýra, varðandi það hvort dýr úr úr Berufjarðahjörð væru felld á veiðisvæði 2, en skörun er heimil á veiði af svæði 6 inn á svæði 2. Ekki er sambærileg heimild til skörunar á veiði af svæði 2 yfir á svæði 6. Ekki er talin ástæða til að hafa áhyggjur af fjölda dýra, hvað þéttleika í högum varðar. Vöktun einstakra hreinkúa með gps staðsetningartækjum hafa sýnt fram á að dýrin ferðast meira en talið var. Ekki er lengur virkt staðsetningartæki á neinni kú. Skarphéðinn sagði á að ekki væri fjármagn til að halda áfram rannsóknum á hreindýrum með staðsetningartækjunum og því gæti nú verið tækifæri til að setja af stað sambærilegu rannsóknarverkefni á fari sauðfjár, með láni á tækjunum. Fjörugar umræður voru um hreindýramálin, en um kl. 15.45 var Skarphéðni þökkuð koman og vék hann af fundi.

2. Kárahnjúkavirkjun, frágangur vinnusvæða.

Árni J. Óðinsson starfsmaður Landsvirkjunar var mættur til að kynna sveitarstjórn skýrslu um frágang vinnusvæða Kárahnjúkavirkjunar, LV-2012-011. Í skýrslunni eru myndir teknar af svæðunum meðan á framkvæmdum stendur og svo aftur þegar frágangi er lokið. Árni sagði að frágangur svæðanna hafi verið unnin í nánu samstarfi við Björn Stefánsson starfsmann Umhverfisstofnunar. Almennt lítur út fyrir að vel hafi tekist til með frágang og svæðin sem mest löguð að landi. Árni taldi að ástæða væri til að koma oftar á fund sveitarstjórnar til að kynna málefni er viðkoma sveitarfélaginu, sagði að útgefnar skýrslur vildu gjarnan lenda ofan í skúffum án umræðu og kynninga. Margar af skýrslunum er hægt að sjá á www.sjalfbaerni.is Sveitarstjórn þakkaði Árna fyrir komuna og lýsti vilja til að fá hann oftar á sinn fund.

Árni yfirlag fundinn kl. 16.25.

3. Skýrsla oddvita

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, í samstarfi við Almannavarnarnefnd Múlaþings hélt kynningarfund um viðbragsáætlun mögulegs stíflurofs Hraunaveitu, í Végarði 13. mars. Um 20 manns mættu á fundinn, frá 8 bæjum. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu á fundinum gætu mögulega 6 bæir verið í hættu við flóð úr Ufsarlóni og Kelduárlóni vegna stíflurofs, þ.e. Þuríðarstaðir, Langhús, Bessastaðir, Eyrarland, Litla Grund og Bessastaðagerði.. Rýmingaræfing er fyrirhuguð í júní.

Oddviti sat Landsþing sveitarfélaga í Reykjavík 23. mars, umfjöllunarefni þingsing voru lýðræðismál, efling sveitarstjórnarstigsins og fjallað var um málefni fatlaðra.

Oddviti og lögmaður sveitarfélagsins funduðu 23. mars með fulltrúa Kirkjumálasjóðs um lóðamál Laugarfellsskála. Leitað var eftir heimild til að stofna lóð á landnúmeri Valþjófsstaða, þar sem þjóðlendan hefur ekki verið stofnuð í Fasteignaskrá og ljóst er að það verður ekki í náinni framtíð.

Aðalfundur Menningarráðs Austurlands boðar til aðalfundar á Vopnafirði kl. 14.00, föstudaginn 11. maí.

Starfsfólk Héraðsskjalasafnsins hefur lokið við skráningu skjala Fljótaldalshrepps sem farið var með í safnið.

Orkusetur er að vinna samantekt um orkunotkun heimila í Fljótaldal. Á íbúafundi í apríl er gert ráð fyrir að gögnin verði kynnt og fjallað um styrkmöguleika vegna framkvæmda sem stuðla að bættri orkunotkun heimilishitunar.

Iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra hafa skipað nefnd er móti stefnu um lagningu raflína í jörðu og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Boðað er til málsstofu um málefnið föstudaginn 11. maí í Reykjavík.

Sjálfbóðasamtökin SEEDS bjóða fram starfskrafta erlendra sjálfbóðaliða.

Ríkisstjórnin í samvinnu við Vinnumálastofnun stendur fyrir átaki til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn í sumar, líkt og gert hefur verið sl. tvö sumur.

Landsvirkjun hefur sent Fljótaldalshreppi skýrslurnar : LV-2012-038 Vöktun skúms á Úthéraði, LV-2012-039 Vöktun heiðagæsa á Snæfellsöræfum 2011, LV-2012-023 Kárahnjúkavirkjun, fallryksmælingar 2011, LV-2012-029 Grunnvatnsvöktun í túnum Egilsstaða –LV-2012-036 Hávellutalningar á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótaldalsheiði 2011, LV-2011-120 Hreindýratilningar norðan Vatnajökuls, LV-2012- 033 Kortlagning burðarsvæða hreindýra á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar vorið 2011.

Þar sem allnokkuð var liðið á daginn og margir dagskrárliðir enn óafgreiddir samþykkti sveitarstjórn að fresta öðrum liðum og koma saman til aukafundar síðar í mánuðinum.

Fundi slitið kl 17.45

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)